

**1118. fundur bæjarráðs Ísafjarðarbæjar  
haldinn í fundarsal bæjarstjórnar í Stjórnsýsluhúsinu á Ísafirði, 24. ágúst 2020 og  
hófst hann kl. 08:05.**

**Fundinn sátu:**

Marzellius Sveinbjörnsson varaformaður, Daníel Jakobsson formaður og Nanný Arna Guðmundsdóttir aðalmaður.

**Embættismenn:**

Birgir Gunnarsson, bæjarstjóri og Bryndís Ósk Jónsdóttir, bæjarritari.

**Fundargerð ritaði:** Bryndís Ósk Jónsdóttir, bæjarritari.

**Dagskrá:**

**1. Dagskrá og verkefni bæjarráðs - 2019050047**

Verkefnalisti bæjarráðs kynntur.

*Verkefnalisti yfirfarinn.*

Formaður bæjarráðs leggur til við bæjarráð að mál Birgis Gunnarssonar, bæjarstjóra, varðandi Covid-19 smit á Hlíf verði tekið á dagskrá með afbrigðum. Bæjarráð samþykkir að taka málið á dagskrá.

**2. Kórónaveiran COVID-19 - 2020030054**

Lagt fram til kynningar minnisblað Birgis Gunnarssonar, bæjarstjóra, dags. 24. ágúst 2020, vegna Covid-19 smits á Hlíf.

*Lagt fram til kynningar.*

**3. Tekjutap vegna Covid-19 - 2020080041**

Lagt fram til kynningar bréf Ingólfs Þorleifssonar, formanns körfuknattleiksdeildar Vestra, dags. 19. ágúst 2020, þar sem upplýst er um aðstæður deildarinnar vegna Covid-19.

Þá komu Ingólfur Þorleifsson, Guðfinna M. Hreiðarsdóttir og Guðni Ó. Guðnason, f.h. körfuknattleiksdeildar Vestra, og Bjarki Stefánsson, f.h. HSV, til fundar við bæjarráð.

*Lagt fram til kynningar.*

*Staða körfuknattleiksdeildar Vestra rædd, en vegna Covid-19 hefur tekjuöflunarmöguleikar minnkað og fjárhagsstaða versnað.*

*Bæjarráð þakkar gestum fyrir komuna.*

*Bæjarstjóra falið að vinna málið áfram.*

**Gestir**

Ingólfur Þorleifsson, formaður körfuknattleiksdeildar Vestra - 08:15

Guðfinna M. Hreiðarsdóttir, f.h. körfuknattleiksdeildar Vestra - 08:15

Guðni Ó. Guðnason, f.h. körfuknattleiksdeildar Vestra - 08:15

Bjarki Stefánsson, framkvæmdastjóri HSV - 08:15

**4. Endurskoðun bæjarmálasamþykktar Ísafjarðarbæjar - 2012120018**

Lagt fram til kynningar minnisblað Bryndísar Óskar Jónsdóttur, sviðsstjóra stjórnsýslu- og fjármálasviðs, dags. 21. ágúst 2020, greinargerð vegna breytingatillagna að bæjarmálasamþykkt Ísafjarðarbæjar.

Jafnframt lögð fram til kynningar uppfærð Samþykkt um stjórn Ísafjarðarbæjar og fundarsköp bæjarstjórnar, með hliðsjón af greinargerð.

*Lagt fram til kynningar.*

**5. Brunavarnaráætlun Ísafjarðarbæjar 2020 - 2020080038**

Lögð fram til samþykktar Brunavarnaáætlun Ísafjarðarbæjar fyrir árin 2020-2025, í samræmi við 13. gr. laga nr. 75/2000, um brunavarnir.

*Meðan á sumarleyfi bæjarstjórnar stendur fer bæjarráð með fullnaðarákvörðun mála, samkvæmt samþykkt um stjórn Ísafjarðarbæjar og fundarsköp bæjarstjórnar.*

*Bæjarráð samþykkir Brunavarnaráætlun Ísafjarðarbæjar fyrir árin 2020-2025.*

**6. Líkamsrækt á Ísafirði - 2017050073**

Lagður fram til samþykktar samningur Ísafjarðarbæjar við Ísófit ehf. til þriggja ára.

Jafnframt lagt fram til kynningar bréf Þrúðheima ehf., ásamt fylgiskjölum, þar sem óskað er málsgagna um líkamsrækt á Ísafirði.

*Samningur lagður fram og bæjarstjóra falið að afla frekari gagna.*

*Bréf Þrúðheima ehf. lagt fram til kynningar. Bæjarstjóra falið að svara erindinu.*

**7. Sindragata 4a, sala fasteigna - 2019030022**

Lagt fram til kynningar aflýsing kvaðar, dags. 12. ágúst 2020, sem Íbúðalánasjóður, nú Húsnæðis- og mannvirkjastofnun, þinglýsti á Sindragötu 4a, vegna stofnfjárframlaga við byggingu hússins, en Húsnæðis- og mannvirkjastofnun hefur nú fallist á beiðni Ísafjarðarbæjar um sölu umræddra íbúða og endurgreiðslu stofnfjárframlags.

*Lagt fram til kynningar.*

**8. Útboð & útboðsgögn 2020 - Gleiðarhjalli áningarstaðir - 2020030081**

Lögð fram til samþykktar tillaga Framkvæmdasýslu ríkisins, dags. 18. ágúst 2020, um töku tilboðs Búaðstoðar, vegna Áningarstaða A-B-C-D-E og F og göngustíga neðan Gleiðarhjalla, að fjárhæð kr. 30.041.020.

Framkvæmdin greiðist af Ofanflóðasjóði, en hlutur Ísafjarðarbæjar er 10%.

*Meðan á sumarleyfi bæjarstjórnar stendur fer bæjarráð með fullnaðarákvörðun mála, samkvæmt samþykkt um stjórn Ísafjarðarbæjar og fundarsköp bæjarstjórnar.*

*Bæjarráð samþykkir tillögu Framkvæmdasýslu ríkisins um töku tilboðs Búaðstoðar vegna Áningastaða A-B-C-D-E og F og göngustíga neðan Gleiðarhjalla.*

#### **9. Landsfundur Upplýsingar 2020 - styrkbeiðni - 2019100098**

Lagt fram minnisblað Bryndísar Óskar Jónsdóttur, sviðsstjóra stjórnsýslu- og fjármálasviðs, dags. 21. ágúst 2020, þar sem óskað er heimildar fyrir því að fjárhæð ónýttts veitts styrks fyrir árið 2020, verði vísað til fjárhagsáætlunargerðar fyrir árið 2021, en sökum Covid-19 getur fyrirhugaður landsfundur ekki farið fram í ár.

Jafnframt lagt fram til kynningar bréf Pernillu Rein, verkefnastjóra Bókasafnsins Ísafirði, dags. 23. október 2019, um styrkbeiðni vegna landsfundar Upplýsingar.

*Meðan á sumarleyfi bæjarstjórnar stendur fer bæjarráð með fullnaðarákvörðun mála, samkvæmt samþykkt um stjórn Ísafjarðarbæjar og fundarsköp bæjarstjórnar.*

*Bæjarráð samþykkir að styrkur verði veittur fyrir árið 2021 í samræmi við erindið.*

#### **10. Samstarfshópur um friðlýsingar á Vestfjörðum - 2019100101**

Lagður fram til kynningar tölvupóstur Freyju Pétursdóttur, sérfræðings á sviði friðlýsinga og starfsleyfa hjá Umhverfisstofnun, dags. 19. ágúst 2020, varðandi næstu skref vinnuhóps um friðlýsingar á Vestfjörðum.

*Lagt fram til kynningar.*

#### **12. Kórónaveiran COVID-19 - 2020030054**

Lagður fram til kynningar tölvupóstur Guðrúnar Stelli Gissurardóttur, forstöðumanns Vinnumálastofnunar á Vestfjörðum, dags. 19. ágúst 2020, ásamt mánaðarskýrslu, þar sem upplýst er um tölfræði vegna atvinnuleysis hjá Vinnumálastofnun á Vestfjörðum í lok júlí 2020.

*Lagt fram til kynningar.*

#### **13. Samstarfssamningar sveitarfélaga - frumkvæðisathugun ráðuneytisins - 2020080039**

Lagður fram til kynningar tölvupóstur Jóhönnu Sigurjónsdóttur, sérfræðings í samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu, dags. 20. ágúst 2020, vegna frumkvæðisathugunar á samstarfssamningum sveitarfélaga.

Jafnframt lagðar fram til kynningar leiðbeiningar ráðuneytisins til sveitarfélaga, dags. 20. ágúst 2020, um almenn sjónarmið sem gilda um samvinnu sveitarfélaga, form samvinnu og lagakröfur til slíkra samninga.

*Lagt fram til kynningar.*

**13. Skýrsla um starfsemi ofanflóðanefndar 2009-2017 - 2020080037**

Lagt fram til kynningar bréf Hafsteins Pálssonar, f.h. umhverfis- og auðlindaráðherra, dags. 17. ágúst 2020, ásamt skýrslu Ofanflóðanefndar fyrir árin 2009-2017, um starfsemi nefndarinnar.

*Lagt fram til kynningar.*

**Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 10:00**

---

Marzellíus Sveinbjörnsson

---

Daniel Jakobsson

---

Nanný Arna Guðmundsdóttir

---

Birgir Gunnarsson

---

Bryndís Ósk Jónsdóttir